


Kristinn G. Harðarson: nafnlaus, blýantur 1984.



Daði Guðbjörnsson: „Kona í stól“ 30x24 cm. Blek á pappír 1986.

# Kjarninn bak við ljótleikann

Dagana 12. til 26. apríl munu þríf listamenn halda samsýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Það eru þeir Daði Guðbjörnsson, Helgi Þorgils Friðjónsson og Kristinn Guðbrandur Harðarson, sem standa fyrir framtakinu. Þegar ég leit við hjá þeim voru þeir búnir að bera inn í salinn um tvö hundruð verk, allmiklu fleiri en salurinn rúmar og stóðu innan um góssið og spáðu og spekúleruðu hvað velja skyldi og hverju mætti fórna.

„Við hefðum getað fyllt báða salina og meira til ef við hefðum fengið að leigja allt húsið eins og upphaflega stóð til“, segir Helgi Þorgils. „En því miður strandar á loftinu og svo er verið að leika í helmingnum af eystri salnum, þannig að þetta verður að duga í bili“.

„Reyndar vorum við ákveðnir í að fylla báða salina og gangana“, bætir Daði við. „En okkur var hafnað vegna þess að taka áti loftið niður. Þegar því var frestað fengum við inni í vestursalnum. Maður verður stundum að bakka og breyta upphaflegum áætlunum“.

## Tímamótaverk?

– Mig langar til að byrja á því að spyrja ykkur hvers vegna þið sýnið saman?

„Ja, ætli það sé ekki út af einhverjum andlegum skyldleika og svo kunningsskap. Eflaust er sá kunningsskapur til kominn vegna þess að okkur finnst við nokkuð skyldir andlega. Við höfum lengi haldið hópinn og fylgst hver með öðrum og þ.a.l. höfum við tengst ákveðnum böndum þótt ólíkir séum að öðru leyti“.

– Nú skerðu þig eilítið úr hópnum Kristinn, þar sem þú sýnir ekki einvörðungu málverk heldur einnig höggmyndir. Stendurðu á tímamótum?

„Nei, ekki get ég sagt það. Hins vegar stóð ég á nokkrum tímamótum fyrir svona tveimur árum, þegar ég var að byrja að fikra mig yfir í höggmyndina. En þetta táknar ekki að ég sé hættur við málverkið, nema síður sé. Ég hafði einungis löngun til að bæta

við tækni; auka við möguleikum innan myndlistarinnar“.

– En þú skerð þig einnig úr að því leyti, að þú fæst jöfnum höndum við hlutlæga og óhlutlæga tjáningu í myndum þínum.

„Já, það er rétt. En það er hluti af sömu hugmyndinni, þ.e.a.s. að víkka út tjáningarsviðið. Það skiptir mig ekki máli hvort ég geri figúratíva mynd ellegar abstrakt, því kjarninn er ávallt sá sami. Ég er að leita að ákveðnum hlutum; ákveðinni tilfinningu, sem skilar sér hvort heldur myndin er hlutlæg eða óhlutlæg“.

– En hvað með þig Helgi, eru þetta tímamarkandi verk hjá þér?



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

„Nei, ég held mínu striki og það er frekar hægt að tala um hægfara þróun hvað mig áhrærir. Að vísu höfum við Kiddi (Kristinn) ekki sýnt í tvö og hálf ári og því eru myndir okkar nú öðruvísi en þær sem við sýndum á síðustu sýningum okkar. En þeir sem hafa séð til vinnu okkar að undanförunu geta staðfest að um hægfara þróun er að ræða“.


– En þú Daði, það er eitthvað styttra síðan þú sýndir, er það ekki?

„Jú, en ég get tekið undir með Helga og Kidda að verk mín þróast hægt og jafnt. Annars er ég með nokkrar myndir hér sem eru tíu til tólf ára gamlar. Ég uppgötvaði þegar ég sá þessar myndir aftur að ég hafði farið í nokkurs konar hring. Ég er m.ö.o. farinn að nálgast aftur upphafið“.

– Við töluðum um andlegan skyldleika sem gerir ykkur að ákveðinni grúppu, ef svo má segja. Hvað er það nákvæmlega sem einkennir list ykkar?

„Það er erfitt að koma orðum að því, en maður hefur þeim mun sterkari tilfinningu fyrir því. Ætli það sé ekki það að við leitum allir að ákveðnum kjarna í málverkum okkar og hikum ekki við að

## Viðtal við Daða Guðbjörnsson, Helga Þ. Friðjónsson og Kristin G. Harðarson



Kristinn G. Harðarson (th.) og Daði Guðbjörnsson á Kjarvalsstöðum. Því miður hafði Helgi Þorgils Friðjónsson brugðið sér frá en á veggnum til vinstri við þá félagangangir ein af myndum hans. Mynd: Sig.